## BYGGINGARLÝSING - Teigagrund 1, Laugarbakka, Húnaþingi vestar.

Teigagrund 1 er einbýlishús á einni hæð með sambyggðri bílageymslu. Landeignanúmer L230900. Stærð lóðar er 980 m2 og nýtingarhlurfall er 0,17.

Stærðir hússins eru:
Brúttó flatarmál 170,2 m2
Brúttó rúmmál 627,7 m3
Sjá nánar skráningartöflu fyrir húsið á teikningu A 100

Burðarvirki hússins er steinsteypt og úr timbri. Sökklar og botnplata eru staðsteypt. Útveggir og þakvirki eru úr timbri.
Þak er með 20° halla og er byggt upp með kraftsperrum. Vatnsklæðning þaks er svart báruál. Þak er loftræst sbr. gr. 10.5.5. í byggingarreglugerð. Snjógrindur skal setja á þak yfir umferðaleiðum inn í húsið skv. gr. 12.2.6. í byggingarreglugerð.
Útveggir eru einangraðir með 145 mm steinull í 45x145 mm timburgrind og klæddir með 9 mm krossvið. Klæðning útveggja er úr timbri klædd lóðrétt 1 á 2 á loftunargrind. Stafnar eru klæddir með samskonar klæðningu lárétt með nót og tappa.

Litur hússins verður hvítur, gluggar og útihurðir verða hvít.
Gluggar og útihurðir eru úr timbri með álklæðningu að utan. Allt gler er a.m.k. tvöfalt K-gler.

Einangrun og kólnunartölur eru skv. byggingarreglugerð 112/2012 (BR) og útreikningi sbr. "Orkuramma hússins".

| | | BR w/m2°k | Raun w/m2°k |
|---|---|---|---|
| Útveggir | 145 mm þéttull | 0,30 | 0,27 |
| Þak | 220 mm þakull | 0,20 | 0,19 |
| Gólf | 75 mm plasteinangrun | 0,30 | 0,30 |
| Gluggar | | 2,00 | 1,60 |
| Útihurðir | | 3,00 | 1,80 |
| Vegið meðaltal útveggir/gluggar/hurðir | | 0,85 | 0,51 |

Heildar varmatap hússins er 6.937 wött skv. BR, en rauntölur hússins eru minni eða 6.394 wött. Hlutfall krafa/raun > 100 % eða 108,49 % = Í lagi.

Innveggir íbúðar eru byggðir upp með tré- eða blikkstoðum, sem fyllt er með steinullareinangrun og klæddir með spónaplötum eða gipsplötum. Loft eru klædd með timburþiljum eða gipsplötum. Veggir og loft bílgeymslu eru klædd með eldþolnum spónaplötum eða gipsplötum í flokki 1.
Innihurðir eru tréhurðir með umferðabreidd 800 mm og 900 mm.

Raflagnir eru hefðbundnar og eru í ídráttarrörum í útveggjum, loftum og milliveggjum. Inntak raflagna og staðsetning aðalrafmagnstöflu er í bílgeymslu.
Inntök á köldu og heitu vatni eru í bílgeymslu og eru tengigrindur staðsettar þar.
Neysluvatnslagnir eru plastlagnir í ídráttarrörurm "rör í rör" kerfi. Varmaskiptir skal vera tengdur neysluvatnslögn og hann stilltur þannig að hitastig á heitu vatni fara ekki yfir 65°C við töppunarstaði sbr. gr.14.5.10 í byggingarreglugerð. Öll votrými í húsinu skulu vera með gólfniðurföll (GN). Húsið er hitað með gólfhitalögnum.

Fráveitulagnir eru tengdar fráveitukerfi Laugarbakka.

Íbúð er aðskilin frá bílgeymslu með EI60 brunavegg. Íbúðin hefur þrjár rýmingaleiðir (RL) um anddyri, stofu og úr þvottaherbergi. Björgunarop (BO) eru í svefnherbergjum.
Íbúð skal hafa reykskynjara (R) í hverju svefnherbergi, einn í alrými íbúðar og einn í bílgeymslu. Einnig skal hafa tvö handslökkvitæki (HS) eitt skal staðsetja í anddyri og hitt í bílgeymslu.

Læsanlegur skápur fyrir lyf skal vera í íbúðinni.

Póstkassi er staðsettur við aðalútihurð í húsið sbr. gr. 6.13.1. í byggingarreglugerð.

Íbúðin er hönnuð á grundvelli algildar hönnunnar. Ef hús notast fyrir fatlaða skv. grein 6.7.3. þarf að snúa innihurð á baðherbergi þannig að hún opnist út.

Lóð hússins verður að megin hluta lagt grasi. Fyrir framan inngang og bílstæði verða stéttar hellulaðar og/eða steypt. Staðsetning á sorptunnum er sýnd á afstöðumynd, uppdrátti A 100.

**Merkingar:**
BO merkir björgunarop skv. gr. 9.5.5. í byggingarreglugerð.
GK merkir gólfkóta húss (ekki þekkt stærð og sett 0,00 m)
GN merkir gólfniðurfall
HS merkir handslökkvitæki a.m.k. 6 lítra
IH inntaksstaður á heitu vatni
IK inntaksstaður á köldu vatni
IR inntaksstaður rafmagns og staðsetning rafmagnstöflu
LR merkir loftræsting sbr. gr. 10.2.5. þ.e. náttúruleg eða vélræn loftræsting
RL merkir rýmingarleið
R merkir reykskynjari




**AFSTÖÐUMYND - 1:500**

**Skráningartafla:** Teigagrund 1 Laugarbakka, Húnaþingi vestra
**Landeignarnúmer:** L230900
**Matshlutanúmer:** 01
Útgáfa: 4.01b
**Skrásetjari:** Halldór Stefánsson
**Kennitala:** 291261-5909
**Dags.:** 16.4.2021

| **Uppskipting og lýsing** | | | | | **Stærðir** | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| D0 Lokun | D1 Rými hæð-röð | D2 Notkun texti | D3 Höfuð-flokkun | D4 Eignar-hald | D5 Botnflötur m² | D5M Milliflötur m² | D6 Stigar m² | D7 Op m² | D8 Brúttóflötur m² | D9 Brúttóflötur sh < 1,8 | D10a Salarhæð min | D10b Salarhæð max | D11 Brúttó rúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D16 Birt flatarmál m² | Reiknitala skiptarúmmáls | D17 Skipta-rúmmál m³ |
| | | **Matshluti** | | | 170,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 170,2 | 0,0 | | | 627,7 | 148,3 | 170,2 | | 420,320 |
| | | **Botn** | | | | | | | | | | | 34,0 | | | | |
| | 01 | **1. hæð** | | | 170,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 170,2 | 0,0 | | | 593,7 | 148,3 | 170,2 | | |
| A | 0101 | **Íbúð** | N | 0101 | 133,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 133,0 | 0,0 | 2,82 | 4,33 | 373,2 | 115,6 | 133,0 | 2,81 | 324,836 |
| A | 0102 | **Bílgeymsla** | B | 0102 | 37,2 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 37,2 | 0,0 | 2,82 | 3,82 | 108,5 | 32,7 | 37,2 | 2,92 | 95,484 |
| A | 0103 | **Þakrými** | F | 0101 | 0,0 | | | | | | 0,00 | 1,51 | 112,0 | 0,0 | | | |
| C | 0104 | **Verönd** | N | 0101 | 31,9 | | | | 31,9 | | | | | | | | |

**Athugasemdir**

Bílgeymsla 0102 tilheyrir 0101

**Sameignir sumra**

**Eignarhald**

| Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Skiptarúmmál Séreign m³ | Skiptarúmmál Séreign og sameign m³ |
|---|---|---|---|---|
| 0101 | **Íbúð** | 133,0 | 324,836 | 324,836 |
| 0102 | **Bílgeymsla** | 37,2 | 95,484 | 95,484 |
| | **Alls** | 170,2 | 420,320 | 420,320 |

**SKRÁNINGARTAFLA**

Húnaþing vestra
Samþykkt þann
28. apríl 2021
Byggingarfulltrúinn
í Húnaþingi vestra

MÓTTEKIÐ
26. apríl 2021
Byggingarfulltrúinn
í Húnaþingi vestra

**Breyting 2:**
**Breyting 1:**


**Halldór Stefánsson, byggingatæknifræðingur MTFÍ**
**Kt. 291261-5909**
**Jörundarholti 121**
**300 Akranes** **Sími 860-0061 Netfang hst@akur.is**


**Verkheiti:**
**Teigagrund 1, Laugarbakka Húnaþingi vestra**

**Verkþáttur: Aðaluppdráttur**
**Afstöðumynd, skýringar og skráningartafla**

| | | |
|---|---|---|
| **Dags: 16-04-2021** | **NR: 21-162** | **Útgáfa: 1** |
| **Hannað: HS** | **Blaðstærð A2** | **Mkv: 1:500** |
| **Teiknað: HS** | 19/4 '21 | **Teikning nr.** |
| Undirskrift hönnuðar: | | **A 100** |